

Mánudaginn 14. des. 1931.

Nr. 113/1931. Verzlun Böðvarssona (Guðm. Ólafsson)

gegen

Magnúsi Kristóferssyni (Enginn).

Verzlunarskuld.

Dómur aukaréttar Hafnarfjarðar 30. sept. 1930: Stefnur, vélstjóri Magnús Kristófersson, greiði stefnanda, Ólafi Böðvarssyni, f. h. Verzlunar Böðvarssona, kr. 185,75, auk 6% ársvaxta af upphæð þessari frá 1. janúar 1926 til greiðsludags, en málskostnaður falli niður.

Dómnum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Með því að stefndi hefir hvorki mætt né látið mæta fyrir hæstarétti í máli þessu, er það skyldi flutt þar, þá hefir það verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaganna og er dæmt samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum eftir N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi hefir gert þær kröfur fyrir hæstarétti, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 665,75 með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1926 til greiðsludags, og málskostnað fyrir undirrétti og hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi hefir dregið 95 aura frá kröfu sinni í undirrétti, og er það úttekt sú, er stefndi mótmælti í héraði. Verður þá krafa sú er hann telur sig hafa haft á stefnda kr. 935,75. Er krafa þessi tilorðin vegna þess, að áfrýjandi hefir látið stefnda í té bæði vörur og peninga á árinu 1924 og síðast 9. jan. 1925 fyrir vinnu og í von um vinnu af hálfu stefnda, sem þó ekki var af hendi innt, nema að nokkru leyti. Kröfu þessa verður að telja til verzlunar-

skulda, eins og umboðsmaður stefnda hefir gert fyrir héraðsdómi. Fyrningartíma hennar ber þá samkvæmt 1. málsg. 5. gr. laga nr. 14/1905 að telja frá 1. jan. 1926, og verður hún því enn eigi fyrnd 22. okt. 1929, er sáttakæra í máli þessu var birt stefnda. Verður krafa stefnda um sýknun vegna fyrningar kröfunnar því ekki tekin til greina. Sýknukröfu stefnda vegna þess, að skuldin sé ekki kræf vegna fyrirmæla 104. gr. siglingalaga nr. 56/1914, hefir áfrýjandi mótmælt í héraði, af því að hún hafi komið þar of seint fram. Verður að fallast á þá mótbáru hans, og er þegar af þessari astæðu ekki unnt að taka þetta atriði til greina.

Um gagnkröfu stefnda til skuldajafnaðar athugast, að stefndi hefir ekki sannað, að hann hafi verið ráðinn upp á tiltekið mánaðarkaup við vinnu þá í landi, er hann tjáist hafa innt af hendi í þágu áfrýjanda síðla ársins 1924 og fyrri hluta janúarmánaðar árið 1925. Verður því að leggja til grundvallar skýrslu áfrýjanda um það, að stefndi hafi átt að fá tímakaup fyrir þessa vinnu. Af hálfu stefnda hefir engin grein verið gerð fyrir því, hversu marga klukkutíma hann hafi verið við vinnu þessa, og verður því einnig að leggja um þetta til grundvallar staðhæfingu áfrýjanda, að fram úr 150 stundum hafi sú vinna ekki farið. Hefir áfrýjandi talið stefnda bera 1,80 fyrir klukkustund og hefir stefndi ekki sérstaklega gert athugasemdir við það. Ber því að draga frá kröfu áfrýjanda eins og hann sjálfur hefir gert kr. 270,00. Og verður þá að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda kr. 665,75, en gegn mótmælum stefnda verður áfrýjanda eigi dæmt meira en 5% ársvextir af þessari upphæð frá sáttakærudegi 24. sept. 1929 að telja.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti og undirrétti, og er hann ákveðinn kr. 300,00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Magnús Kristófersson, greiði áfrýjanda Verzlun Böðvarssona, kr. 665,75 með 5% ársvöxtum frá 24. september 1929 til greiðsludags.

Svo greiði hann og áfrýjanda í málskostnað fyrir hæstarétti og undirrétti kr. 300,00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

---

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu útgefinni, 12. nóvbr. f. á., hefir stefnandinn, Ólafur Böðvarsson, kaupmaður í Hafnarfirði, f. h. Verzlunar Böðvarssona þar, krafizt þess, að stefndur, vélstjóri Magnús Kristófersson, til heimilis á Hverfisgötu nr. 53 hér í bænum, verði, að undangenginni árangurslausri sáttatilaun, dæmdur til þess að greiða honum fyrir hönd téðrar verzlunar, kr. 936,70, vegna vöruúttektar og peningalána stefnds samkvæmt reikningi, er fram hefir verið lagður í málinu, svo og 6% ársvexti af hinni umstefndu upphæð frá 1. janúar 1926 til greiðsludags, og málskostnað eftir reikningi.

Stefndur eða umboðsmaður hans, hefir haldið því fram undir rekstri málsins, að skuld þessi væri fyrnd samkv. 3. gr. fyrningarlaganna nr. 14, 20. oktbr. 1905, og krefst hann því algerðrar sýknunar í málinu, og að honum verði dæmdur málskostnaður riflegur, en til vara, að vinnukrafa hans eða stefnds, að upphæð kr. 750,00 samkvæmt framlögðum reikningi hans, verði talin til frádráttar kröfu stefnanda, og loks tekur umboðsmaður stefnds það fram, að á reikningi stefnanda séu tilfærðar samtals kr. 857,08,

er hann hafi skuldað þegar hann var afskráður af m/sk. Ísafold 8. júlí 1924, en, sem samkv. 104 gr. siglingalaganna 1914, eigi hafi verið afturkræft, eða eigi átt að dragast frá vélstjórakaupi hans, sem fyrirframgreiðsla óendurkræf.

Að því er sýknunarkröfu stefnds vegna fyrningar snertir, verður að vísu eigi fallizt á, að hér sé um peningalán af hálfu stefnanda að ræða, er fyrnist á 10 árum samkvæmt 4. gr. hinna tilvitnuðu fyrningarlaga, hvorki í eðli sínu eða á annan hátt, heldur virðast peningauflát stefnda samkvæmt hinum framlagða reikningi ótvírætt vera aðeins borgun fyrir vinnu stefnds, sem stefndur eigi þá hefir verið búinn að gera upp við stefnanda, en sem stefnandinn hefir mátt búast við að kæmi, enda hefir hann og kannazt við að svo væri að einhverju leyti, og greiðslurnar fara fram samkvæmt ofangreindum reikningi á sama tímabili nokkurnvegin og vinna stefnds er látin í té, samkvæmt hans reikningi. — Virðist því hér vera að ræða um útlát af hálfu stefnanda til greiðslu fyrir vinnu stefnds, og falla því viðskipti þessi, að því er fyrningu snertir, undir 3. gr. fyrningarlaganna, þannig að kröfur út af þeim fyrnast á 4 árum. — Á hinn bóginn verður að álita, að kröfur út af viðskiptum þessum eigi hafi, með hliðsjón af ákvæðum 5. gr. fyrningarlaganna 1. lið, verið gjaldkræfar fyrr en 1. janúar 1926, þar viðskiptunum eigi var lokið fyr en í janúar 1925 samkvæmt reikningi stefnanda, og þar sem málshöfðun þessi átti sér stað 12. nóvember f. á. að undangenginni sáttatilaun 24. septbr. s. á., virðist krafa stefnanda eigi vera fyrnd orðin, og þá eigi heldur krafa stefnds til skuldajafnaðar, sem stefnandinn telur vera of háa, en þar sem í sókninni er tekið fram, að stefndur hafi sjálfur átt að reikna saman vinnutíma sína og gefa þá upp stefnanda, er eigi á öðru að byggja í þessu tilliti en uppgjöf stefnds að því er tímafjöldann áhrærir, en borgun fyrir þá hefir stefndur miðað við 450 kr. mánaðar kaup, sem samsvarar kr. 1,50 fyrir kl. st. eða þar um. — Áætlun stefnanda um að vinnutímar stefnds aðeins hafi verið 100—150 kl. st., sem samsvari í mesta lagi kr. 270,00, miðað við kr. 1,80 fyrir kl. st., getur eigi staðizt, þar sannanir vanta fyrir því, að svo hafi verið, og einnig vantar sönnun fyrir því, gegn mótmælum stefnds, að vöruúttekt

á reikningi stefnanda, samtals 95 aur., 5. decbr. 1924, hafi átt sér stað. — Skirskotun stefnds til siglingarlaganna á eigi hér við.

Ber því að draga frá hinni umstefndu upphæð, kr. 936,70, samtals kr. 750,95, og að dæma stefndan til að greiða mismuninn, kr. 185,75, auk 6% ársvaxta af upphæð þessari frá 1. janúar 1926 til greiðsludags, en málskostnaður virðist eftir atvikum eiga að falla niður.

Miðvikudaginn 16. dez. 1931.

Nr. 102/1931. **Réttvísni** (Pétur Magnússon)

gegn

**Karli Filippussyni og Gunnlaugi  
Oddsen Vilhjálmi Eyjólfssyni**

(Eggert Claessen).

Þjófnaðarbrot.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 14. ág. 1931: Ákærðir, Karl Filippusson og Gunnlaugur Oddsen Vilhjálmur Eyjólfsson, sæti hvor um sig 8 mánaða betrunarhússvinnu og greiði in solidum allan kostnað sakarinnar. Ennfremur greiði þeir in solidum 25 krónur í skaðabætur til Sigvalda Jónassonar á Geithálsi innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ef ákærður Karl greiðir hinar ídæmdu skaðabætur á tilsettum tíma, skal fangelsisrefsingu hans frestað og hún falla niður nema ákærður innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði, og sé í því máli dæmdur í þyngri refsingu en sektir.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Afbrot hinna ákærðu, sem er lýst í hinum áfrýjanda aukaréttardómi, heyrir undir 6. gr. laga nr. 51,